
65. Katrín Jakobsdóttir (Svar på replik)

Örstutt viðbót. Ég tel að Norðurlöndin eigi líka möguleika á auknu samstarfi þegar kemur að því að takast á við skattaundanskot, skattsvik, samstaða gegn skattaskjólum og hvernig við tökum á svartri atvinnustarfsemi sem ég veit að er vandamál alls staðar. Jafnvel þó að við höfum gert margt á undanförunum árum erum við með nýleg dæmi sem sýna okkur að alþjóðlegt samstarf er besta leiðin til að takast á við þetta því að skattsvik og skattaundanskot grafa ekki bara undan velferðarsamfélaginu, heldur líka undan lýðræðinu sem við höfum verið að tala um. Þar með skipar fólk sér í raun og veru í lið utan samfélagsins. Þar held ég að Norðurlöndin geti gert meira í samvinnu.

Skandinavisk oversættelse:

Ett mycket kort tillägg. Jag tror att Norden också har en möjlighet till ökat samarbete när det gäller att motverka skatteflykt och skattebrott, att stå ihop mot skatteparadis och vilka strategier vi använder mot svart ekonomi som jag vet att är ett problem överallt. Även om vi har lyckats med en hel del de sista åren så finns det nyligen exempel som visar att internationellt samarbete är det som fungerar bäst i kampen mot sådan verksamhet, därför att skattebrott och skatteflykt undergräver inte bara välfärdssamhället, utan också demokratin som vi har just pratat om. På det sättet placerar man sig i själva verket utanför samhället. Jag tror att de nordiska länderna kan uppnå bättre resultat genom att öka sitt samarbete på det här området.

Information

Tal nummer

65

Typ

Svar på replik

Person

[Katrín Jakobsdóttir](#)

Speaker role

Islands statsminister

Datum

30.10.18 16:47

